

Mývatnssveit, 2. febrúar 2018

Efni: Athugasemdir Fjöreggs vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Hlíð ferðapjónustu

Fyrirliggjandi er deiliskipulagstillaga fyrir Hlíð ferðapjónustu. Í Hlíð hefur verið starfrækt ferðapjónusta um árabíl, fyrst tjaldsvæði en seinna einnig gistihús. Það er mjög margt jákvætt við þessa deiliskipulagstillögu og þá stefnu sem sett er fram fyrir svæðið. Það að stefnt sé að því að samræma heildaryfirbragð svæðisins og útlit bygginga er mjög jákvætt, einnig það að eldri og úr sér gengnum byggingum verði skipt út fyrir nýjar samræmdar.

Athugasemdir okkar við tillöguna snúa að auknu byggingarmagni á svæðinu. Um er að ræða mikla aukningu leyfilegs byggingamagns, um 1200 m² á svæðinu öllu og þar af aukningu upp á 650 m² fyrir gistingu. Hér er um að ræða nokkra eðlisbreytingu á svæði sem síðustu áratugina hefur verið tjaldsvæði en verður að stórum hluta að sumarhúsabyggð nái tillögurnar óbreyttar fram að ganga. Þó ekki sé áætlað að gestum fjölgi þá má spyrja sig hvort svæðið muni hafa breytta ásýnd sem sumarhúsabyggð frekar en tjaldsvæði. Þetta á sérstaklega við um reiti þar sem ekki eru hús nú þegar og þar sem nú eru aðrar og mun minni byggingar en leyfilegar verða með skipulaginu. Þetta eru til dæmis reitir D2 og D3 og B2.

Skipulagssvæðið er að stærstum hluta innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Í [1.gr](#) laga um verndun Mývatns og Laxár er fjallað um markmið laganna. Þar kemur fram að lögin eigi að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Uppbygging allra mannvirkja fyrir ferðamanna á svæðinu verður að verða vönduð og hófsöm til að ekki sé skyggt á hið einstaka landslag sem er hér við Mývatn. Í 17. gr reglugerðarinnar segir að sumarbústaðir og önnur frístundahús og hvers konar mannvirki sem þeim fylgja eru óheimil á verndarsvæðinu en að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágur frá ákvæði þessu, m.a. vegna gerðar almennrar aðstöðu fyrir ferðamenn.

Við setjum athugasemdir við að leyfileg aukning byggingarmagns standist kröfur laganna um hófsemi. Auk þess gera lögin ráð fyrir því að sumarhús séu óheimil á verndarsvæðinu nema að undanfenginni undanþágu og við spurjum því hvort engin takmörk séu fyrir þeim fjölda sumarhúsa sem veitt eru leyfi fyrir á ákveðnu svæði.

Fyrir hönd Fjöreggs,
Arna Hjörleifsdóttir